

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 162/2017

2019/EES/52/13

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/871 frá 22. maí 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á fosfórsýru - fosfötum - dí - trí - og fjölfosfötum (E 338-452) í tiltekna unnar kjötvörur <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/874 frá 22. maí 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á bütani (E 943a), ísóbütani (E 943b) og própani (E 944) í litarefnablöndur <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0871:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/871 frá 22. maí 2017 (Stjttíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 3),
- **32017 R 0874:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/874 frá 22. maí 2017 (Stjttíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/871 og (ESB) 2017/874, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 18.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.